

- 183 Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla 12. nív. þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

#### V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Fyrst um sinn skal rafmagn til suðu fyrst og fremst miðað við lagnir í ný hús, er ekki hafa önnur eldfæri og er óleyfilegt að taka burt nothæfar eldavélar til þess að setja í staðinn rafsuðuvélar. Fyrst um sinn skal einnig útiloka frystihúsvélar á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og þegar spennan er lág ber að útiloka allar vélar yfirleitt eftir því sem hægt er.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atoinumálaráðuneytið, 12. nóvember 1947.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Forv. K. Þorsteinsson.*

## BERKLAVERNASJÓÐUR

Ólafs Halldórssonar konferensráðs.

### Ársreikningur 1946.

#### Höfuðstóll:

1. Eign frá f. ári, skv. birtum reikningi .....	kr. 1953.21
2. Aukning á árinu 1946, skv. eftirfarandi reikningi .....	— 57.13
	<hr/> Kr. 2010.34

#### Eign um sjóðsins er þannig varið:

1. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f. ....	kr. 200.00
2. Innstæða í sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands .....	— 1810.34
	<hr/> Kr. 2010.34

#### Tekjur:

1. Arður af hlutabréfum .....	kr. 8.00
2. Vaxtatekjur .....	— 49.13
	<hr/> Kr. 57.13

#### Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 57.13
	<hr/> Kr. 57.13

*Forsætisráðuneytið, 8. janúar 1947.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**